

174. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 6. nóvember 2019 í Stykkishólmi

Mætt: Erla Friðriksdóttir formaður, Róbert Arnar Stefánsson, Ragnhildur Sigurðardóttir, Arnheiður Jóhannsdóttir, Guðríður Þorvarðardóttir og Rebekka Eiríksdóttir. Agnes Stefánsdóttir sat fundinn í gegnum Skype.

Fundarritari: Theódóra Matthíasdóttir (TM)

Formaður setti fund kl. 10:30

Fundargerð 171. fundar

Afgreiðsla:

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundargerð 172. fundar

Afgreiðsla:

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundargerð 173. fundar

Afgreiðsla:

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Framtíð Breiðafjarðar: næstu skref

Farið yfir greinargerð vegna þingsins sem fram fór í Tjarnarlundi í Dalabyggð þann 23. október og hugmyndir að næstu skrefum ræddar.

Afgreiðsla:

Samþykkt að nefndin, í samstarfi við Náttúrustofu Vesturlands, standi fyrir að minnsta kosti þremur fræðslukvöldum í sveitarfélögum við fjörðinn. Óskað verði eftir samstarfi við sveitarfélögin varðandi framkvæmd viðburðanna.

Samþykkt að stefna að því að hækka starfshlutfall starfsmanns nefndarinnar fram að áramótum og þeirri vinnu verði varið í að undirbúa slík fræðslukvöld auk þess að vinna við uppfærslu á heimasíðu nefndarinnar og samantekt á upplýsingum um hugmyndir nefndarinnar um framtíð Breiðafjarðar. Starfsmaður nefndarinnar sjái um að vinna greinargerð um framtíð Breiðafjarðar, þar á meðal áskoranir, takmarkanir og tækifæri.

Staða styrktra verkefna:

- Öryggis- og umgengnisbæklingur, Náttúrustofa Vesturlands og Anok
 - Í vinnslu.
- Fornminjakort í Flatey, Fornleifafélag Barðstrendinga og Dalamanna
 - Drög liggja fyrir og hafa verið send nefndinni til yfirferðar. Nefndin samþykkti að koma nokkrum athugasemdum á framfæri við félagið.

- Mat á búsvæðanýtingu fiskseiða á innanverðum Breiðafirði, Rannsóknasetur HÍ á Vestfjörðum
 - Í vinnslu. Frestur var gefinn til að skila niðurstöðum fram á haust 2019 þar sem endurtaka átti rannsóknir sumarið 2019.
- Vistfræðilegt hlutverk strandsjávarbúsvæða á Breiðafirði, Vör sjávarrannsóknasetur
 - Lokið. Nefndin óskar eftir því að fulltrúar Varar komi á næsta fund nefndarinnar og kynni niðurstöður.
- Örnefnaskráningar, Náttúrufræðistofnun Íslands
 - Í vinnslu. Skilað inn til Landmælinga Íslands á næstu dögum.
- Fjöruvísir, Svæðisgarður Snæfellinga og Vör sjávarrannsóknasetur
 - Að mestu lokið. Ritari mun óska eftir kynningu frá Vör á næsta fundi.

Fjármál nefndarinnar

Farið yfir fjárhagsáætlun nefndarinnar fyrir árið 2019 og 2020.

Afgreiðsla:

Samþykkt að leitast eftir áframhaldandi samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands varðandi örnefnaskráningar. Samþykkt að starfshlutfall starfsmanns nefndarinnar verði hækkað úr 25% í 100% í þrjá mánuði skv. framlagðri þjónustubeiðni. Samþykkt að standa fyrir fræðslukvöldum um framtíð Breiðafjarðar í að minnsta kosti þremur sveitarfélögum við fjörðinn.

Önnur mál

Upplýsingar til varamanna

Afgreiðsla:

Samþykkt að varamönnum verði sent fundarboð sem inniheldur dagskrá næsta fundar. Varamenn leiti til sinna aðalmanna ef upplýsingar vantar varðandi mál. Fundargerðir verða settar inn á heimasíðu nefndarinnar þegar þær hafa verið samþykktar af nefndinni.

Verndarsvæði í byggð, þorpið í Flatey á Breiðafirði.

Menntamálaráðherra hefur samþykkt verndarsvæði í byggð í Flatey.

Endurskoðun hafin á friðlýsingu Flateyjar.

Umhverfisstofnun hefur hafið endurskoðun á friðlýsingu Flateyjar.

Landvarsla við Breiðafjörð

Ragnhildur Sigurðardóttir gerði grein fyrir vinnunni hjá landverði Umhverfisstofnunar við Breiðafjörð, sem tók til starfa í haust. Hún hefur setið stutta vikulega fundi um verkefni landvarðarins, sem lofa góðu um framhaldið.



Nýr aðalmaður Reykhólahrepps í Breiðafjarðarnefnd

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur að tillögu Reykhólahrepps skipað Karl Kristjánsson sem aðalmann í Breiðafjarðarnefnd í stað Eiríks Snæbjörnssonar, sem lést þann 9. mars sl. Varamaður Eiríks, Rebekka Eiríksdóttir, sat fundi í millitíðinni.

Næsti fundur:

Næsti fundur verður símafundur, haldinn 10. desember.

Fundi slitið kl. 14:15